

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalitlar ekkjur í Akraneskaupþúni af vöxtum sjóðsins, og skal styrkjum úthlutað á stofndegri hans, hinn 15. október ár hvert.

58

7. apríl

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn: Lögreglustjóri, sóknarprestur, barnaskólastjóri, héraðslæknir og elzta lögskipuð starfandi ljósmóðir Akraneskaupþúns. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, með þeim skilyrðum að helmingur vaxta greiðist sjóðstjórninni árlega til úthlutunar, en hinn helmingurinn leggist við höfuðstól, auk gjafa og áheita, sem sjóðnum áskotnast.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal árlega senda reikning hans nefnd þeirri eða stofnun, er hefur eftirlit með varðveizlu opinberra sjóða.

Hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps getur og kosið tvo endurskoðendur sjóðsins.

7. gr.

Þegar útborguð vaxtaupphæð leyfir og „Ekknasjóður drukknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu“ fær að mestu leyst af hendi það hlutverk, sem sjóðnum er ætlað, er stjórn sjóðsins heimilt, að áskildu samþykki hreppsnefndar og stjórnar fyrrnefnds sjóðs, að verja nokkru af greiddum vöxtum til þess að veita móturlausum eða fátækum börnum í kaupþúinu styrk til uppeldis eða menningar, og skulu þá börn þeirra ekkna, er áður hafa notið styrks úr sjóðnum, ganga fyrir að öðru jöfnu.

8. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um bráðabirgðabreyting á hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað 1. apr. 1936.

59

10. apríl

Hafnsögugjald samkvæmt 33. gr. hafnarreglugerðarinnar innheimtist með viðbót, er nemi 60 af hundraði, meðan dýrtíðarástand það helzt, sem nú er og þangað til annað kann að verða ákveðið.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 88 3. maí 1935, um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað, sbr. lög nr. 34 19. júní 1922, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. apríl 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.